



Alþingi
Erindi nr. D 127/1514
komudagur: 26. 3. 2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 25. mars 2002

Efni: Umsögn vegna frumvarps til laga um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins.

Framkvæmdastjóri og sérfræðingar Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins hafa farið yfir ofangreint frumvarp og vilja í því sambandi koma eftirfarandi á framfæri:
Tekið skal fram að ekki hefur gefist tækifæri til að kynna efni frumvarpsins fyrir stjórn sjóðsins.

Frumvarp þetta þarf að mati starfsmanna Nýsköpunarsjóðs að skoðast með hliðsjón af þingsályktunartillögu ríkisstjórnarinnar um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002 – 2005.

Þar kemur fram í “Tillögum að aðgerðum lið III undir fyrsta lið nr. 1 sem nefnist “Endurskoðun atvinnuþróunar á landsbyggðinni - nýsköpunarmiðstöð á Akureyri” að ætlunin sé að koma á laggimar nýsköpunarmiðstöð á Akureyri sem hafi fyrirfram skilgreint hlutverk sem ætla má að sé náskýlt þeirri nýsköpunarmiðstöð sem ætlunin er að festa í sessi hjá Iðntæknistofnun.

Meginhugmynd greinarinnar hljóðar svo:

“Að ríkisvaldið hafi forustu um að sameina krafta þeirra opinberu aðila og félaga sem vinna að nýsköpun og eflingu atvinnulífs á landsbyggðinni. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er kveðið á um sameiningu atvinnuþróunarstarfs á vegum Iðnaðarráðuneytisins. Lagt er til að nýsköpunarmiðstöð, sbr. frumvarp til laga um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins, verði falið að samræma þessa starfsemi á landsvísu og að veita henni faglegan stuðning. Gert er ráð fyrir að starfsemi nýsköpunarmiðstöðvar verði komið fyrir í fyrirhuguðu Rannsóknar- og nýsköpunarhúsi við Háskólann á Akureyri.”

Ennfremur kemur fram að í sömu tillögum, lið 4, sem ber heitið “Efling opinberra verkefna og þjónustu á landsbyggðinni” að:

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins

Kennitala: 691097 2859
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík
Íceland
Tel: (354) 510 1800
Fax: (354) 510 1809
www.nsa.is



“Að gerð verði áætlun um að auka verkefni og fjölga störfum i opinberri þjónustu utan höfuðborgarsvæðisins, t.d. með því að efla þær stofnanir sem fyrir eru, í tengslum við endurskipulagningu opinberra stofnana, með fjarvinnslu, með flutningi verkefna frá opinberum aðilum til fyrirtækja, þegar nýjar opinberar stofnanir eru settar á fót og hugsanlega með flutningi stofnana”

Með hliðsjón af ofangreindu, er hér um að ræða upplagt tækifæri til að skapa ný störf á landsbyggðinni með því að gera nýsköpunarmiðstöð þá sem ætlunin er að setja á lagginnar innan Iðntæknistofnunar, að sérstakri stofnun, Impru – þjónustumiðstöð frumkvöðla og fyrirtækja, sem hefði höfuðstöðvar sínar á Akureyri (i fyrirhuguðu Rannsóknar- og nýsköpunarhúsi við Háskólann á Akureyri) með hugsanlegu útibúi í Reykjavík.


Rökin fyrir því að gera Impru að sérstakri stofnun, eru sérstaklega þau, að henni er ætlað að sinna öllum atvinnugreinum. Með því að gera hana sjálfstæða er tryggt að hún tengist ekki með beinum hætti starfsemi Iðntæknistofnunar og þar með er komið í veg fyrir að litið sé á hana eingöngu sem hluta af þeirri starfsemi sem fram fer hjá Iðntæknistofnun. Impru gæti samt sem áður keypt sérfræðiþjónustu þegar við á af stofnuninni eins og raunin er í dag. Það sama á við um aðrar stofnanir atvinnulífsins.

Stjóra Impru gæti verið sú sama og stjórn Tækniþróunarsjóðs sem ætlunin er að verði hluti af starfsemi nýsköpunarmiðstöðvar á Iðntæknistofnun. Þetta myndi skapa ákveðið fjárhagslegt hagræði og eins og tillagan um skipan stjórnar Tækniþróunarsjóðs samkvæmt 6. grein laga frumvarpsins er fram sett, ætti sú samsetning að henta starfsemi hinnar nýju stofnunar vel.

Að mati starfsmanna Nýsköpunarsjóðs ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að ný stofnun, Impru þjónustumiðstöð frumkvöðla og fyrirtækja, með höfuðstöðvar sínar á Akureyri gæti sinnt hlutverki sínu á landsvísu jafnvel á Akureyri sem og í Reykjavík með nútíma tækni í samskiptum. Með þessu yrði sjálfstæði stofnunarinnar Impru tryggt og ný störf myndu skapast á landsbyggðinni.

Hlutverk það sem nýsköpunarmiðstöð er ætlað samkvæmt lagafrumvarpinu, 3. grein, gæti staðið óbreytt þrátt fyrir þessa tillögu um að gera Impru að sérstakri stofnun á Akureyri.

Virðingarfyllt,
f.h. Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins


Úlfar Steindórsson, frumkvæmdastjóri.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins

Kennitala: 691097 2859

Suðurlandsbraut 4

108 Reykjavík

Iceland

Tel: (354) 510 1800

Fax: (354) 510 1809

www.nsa.is